

Íslenska 2. – 3. bekkur

Traust kunnátta í móurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar auk þess sem tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Íslenska hefur ákveðja sérstöðu meðal annarra námgreina. Mál og bókmenntir eru menningarafurð þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Gott og ríkulegt talmál er ein meginforsenda samskipta og miðlunar og svo á einnig við um ritmálið sem er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu. Með þeim hætti og meðal annars gegnir íslenskukennsla því hlutverki að vera miðill hugsunar og eintal skrifara við sjálfan sig ef þörf krefur.

Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrg sem málnotanda. Hann á að átta sig á því að þegar skóla sleppir er það á hans ábyrg að rækta og nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er réttur hvers manns að öðlast þekkingu og færni í máli. Það skiptir einnig miklu að barn sem annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana.

Íslenska er kennd sex kennslustundir á viku, 2 x 80 mín á viku og 2 x 40 mínútur í 1. – 4. bekk. Í 1. bekk er getur áhersla á íslensku verið meiri og fleiri kennslustundir á haust önn en jafnast út á vorönn.

Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áhreslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í íslensku frá 1.-4. bekk

Grunnþáttur	Áherslupættir Nemandi:
Heilbrigði og velferð:	fær m.a. verkefni út frá styrkleika og áhuga sem byggir upp jákvæða sjálfsmynd og heilbrigði.
Jafnrétti:	fær námsefni, kennslu og verkefni út frá færni, getu og þörfum hverju sinni.
Lýðræði og mannréttindi:	- fær tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám, velja verefni út frá áhuga og taka lýðræðislegar ákvarðanir um námið - lærir að bera ábyrgð á eigin námi og setja sér markmið og leiðir að markmiðum.
Læsi:	eflir læsi á mrgan hátt, m.a. í gegnum yndislestur, ritun og bókmenntir,

	• þjálfist í að lesa mismunandi texta með gagrýnni hugsun og leggja skilning í þá út frá eigin þekkingu og reynslu.
Sjálfbærni:	• þjálfast í gagrýnni hugsun, • er sjálfur ábyrgur í því að skapa gott vinnuumhverfi.
Sköpun:	• vinnur margvísleg verkefni þar sem reynir á uppgötvun, áhuga og ímyndunarafl, • mótar viðfangsefni sín og miðlar þeim til annarra.

Einstaklingsþörfum nemenda er þannig mætt að hverju sinni með því að skipta upp í ólíka hópa og unnið er með efni og aðferðir sem henta hverjum og einum. Áhersla er lögð á að auka færni sérhvers nemanda í öllum þáttum lestrar, lestrarhraða, lesskilningi og ritun.

Kennsluaðferðir og skipulag í lestri er unnið eftir blönduðum aðferðum s.s. hljóðaaðferð og oðmyndaaðferð. Notast er við víxllestur, samlestur og yndislestur. Ennfermur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hjóðvitund, rétttritun, skrift, orðaforði, setningarbygging og málfræði tengd inn í ferlið. Nemendur vinna ýmist í einstaklingslega eða í hóðum og er notast við margskonar kennsluaðferðir, t.d. beina kennslu/innlögn, leikræn tjáning, leikir, útikennsla, reynslunám, spil, stöðvavinnu, útlíunarkennslu, hugarkortum, umræðum og spurningaaðferðir eru notaðar ásamt hlustun, framsögn o.fl.

Leitast er eftir að nemendur geti:

- tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi,
- tjáð skoðanir sínar, sagt skipulega frá og gert grein fyrir þekkingu sinni,
- lesið texta af gagnrýnum huga,
- ráðið yfir ýmsum leiðum til skilnings og túlkunnar og metið með gagnrýnum hætti áreiðanleika upplýsinga,
- kynnst ýmiskonar bókmenntum,
- náð valdi á rituðu máli og miðla efni til annarra,
- skrifað margvíslegan texta og tjáð sig skriflega,
- gagnýnt og endurskoðað eigin texta,
- tekið uppbyggilegri og faglegri gagnrýni annarra og nýtt sér hana til að bæta ritsmíðar sínar,

- verið viðræðuhæfir um mál og málfar,
- orðið betri málnotendur.

Kennsluháttum í 1. bekk er háttað öðruvísi þar sem nemendur eru að stiga sín fyrstu skref í grunnskóla. Kennsluáætlunin fyrir skólaárið 2025-2026. Hæfniviðmiðin í íslensku eru í fjórum flokkum: Talað mál, hlustun og áhorf, lestur, ritun og málfræði. Mikilvægt er að samþætta íslenskukennslu við aðrar námsgreinar, íslenskukennsla er ein heild og tengist öllum námsgreinum. Málfræðikennsla og vinna til að efla orðaforða má ekki vera einangrað fyrirbæri heldur þarf hún að vera virk öllum texta og töluðu máli. Helstu markmið eru að nemendur læri að þekkja bókstafina, bókstafstákn þeirra, geti umskrá hljóð og stafi í lestri og ritun. Nemendur læri að draga rétt til stafs og geti skrifað orð og/eða stuttar setningar. Nemendur æfi framsögn og tjáningu frammi fyrir bekknum

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-19>

Gegnum skólaárið er unnið með stafainnlögn, innlögnin byrjar yfirleitt með lestri á sögu sem tengist þeim staf sem lagður er inn. Kennari les og ræðir söguna munnlega og kannar. Jafnt og þétt eru stafirnir lagðir inn einn stafur í hverri viku, alltaf eru upprifjanir inn á milli og í lok skólaársins söfnum við saman það sem við höfum verið að vinna með.

Bjargráðir kennarans í 1. bekk eru: Lestrarlandið vinnubók 1, 1+, aukahefti og efni í stafainnlögnum, skriftaræfingar í stafainnlögn, leir, lestrarbækur, sögu- og úrklippubækur, 123skoli.is, skolavefurinn.is, mms.is

Bjargráðir í 2. - 3. bekk eru: Litla ritrún, ritrún 2+ og 3, litla lesrún, skriftarbækur og -hefti, ásamt ýmsu ljósrituðu efni frá kennara, 123skoli.is, skolavefurinn.is, mms.is.

Bjargráðir kennarans í 4. bekk eru: Málrækt 1, Lesrún lesa – skilja -læra, skriftarbækur og -hefti, ásamt ýmsu ljósrituðu efni frá kennara, 123skoli.is, skolavefurinn.is, mms.is